

Fundargerð nr. 11

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Fimmtudagur 8. desember 2022
Fundartími:	10:00– 12:00
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Ragnar Finnur Sigurðsson Árni Eiríksson, oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Brynjar Jón Stefánsson kom undir lið 1 Börkur Brynjarsson kom undir lið 2 í fjarfundi

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hjalti Guðmundsson boðaði forföll.
Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Drög að fjárhags- og viðhaldsáætlun fasteigna:

BJS fór yfir þörf á viðhaldsverkefnum og framkvæmdir við húsnæði og á lóðum sveitarfélagsins. Stærstu og kostnaðarsömustu verkefni eru þörf á málun á þökum í Flóaskóla og Þjórsárverri. Sveitarstjórn fór yfir drög að áætlun með umsjónarmanni fasteigna á vinnufundi í lok nóvember. Nefndin samþykkir áætlun að mestu leyti en forgangsraðaði verkefnum í samráði við umsjónarmann fasteigna. Sveitarstjóri setur áætlun vegna fasteigna inn í fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir næsta ár. Í heildina er gert ráð fyrir um 24 milljónum í viðhald fasteigna og á lóðum sveitarfélagsins á árinu 2023.

2. Vatnsveita Flóahrepps

BB kom inn á í fjarfundi. BB hefur tekið saman gróft kostnaðarmat á lagningu nýrrar lagnar frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg. Ljóst er að gera þarf ráð fyrir töluverðri fjárfestingu í vatnsveitunni. Kostnaðarmat verður tekið fyrir á vinnufundi sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar en nefndin leggur til að gera ráð fyrir 30% ofaná kostnaðarmat sem liggur fyrir fundi. Rætt um að mikilvægt sé að fara í samtal við landeigendur á svæðinu vegna lagningu nýrrar lagnir og má hefja það samtal um leið og sveitarstjórn hefur samþykkt fjárfestingu í fjárhagsáætlun.

3. Vatnsöflun í Kaldárhöfða – upplýsingar

Formaður upplýsti nefnd gróflega um möguleika á sameiginlegri vatnsöflun Flóahrepps, Árborgar og Grímsnes- og Grafningshrepps í Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Oddviti, formaður nefndarinnar og sveitarstjóri fóru í skoðunarferð og stuttan samráðsfund á Borg þann 7. desember 2022.

4. Tillaga að reglum um Vatnsveitu Flóahrepps

Fyrir liggur tillaga að reglum um Vatnsveitu Flóahrepps. Nefndin gerir ekki athugasemd fyrir utan orðalag í 2. grein um að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni á vegum Flóahrepps.

5. Erindisbréf framkvæmda- og veitunefndar

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00